



Alþingi
Erindi nr. P 136/16
komudagur 29.10.2008
ARKITEKTA FÉLAG ÍSLANDS
ASSOCIATION OF ICELANDIC ARCHITECTS



Minnisblaði vegna fundar Arkitekta með Iðnaðarnefnd Alþingis 29. október 2008

Arkitektar horfa fram á hrun fagumhverfisins.

Íslenskar arkitektastofur hafa á síðastliðnum árum verið að þróast frá einstaklingsgrundvölluðum stofum með upp að 10 starfsmönnum, yfir í að verða heildstæð hönnunar- og þjónustufyrirtæki með allt að 60 starfsmönnum úr ólíkum greinum. Fjöldi íslenskra arkitektastofa eru nú fyrirtæki með gæðastýrðum hönnunarferlum og sérhæfðri tækniþekkingu sem hafa sannað með verkum sínum að þau geta hannað flóknustu mannvirki sem samfélag þarfnast.

Hættan er sú að þessi þekking fari nú forgörðum og að íslenskt samfélag standi frammi fyrir því að nauðsynleg hönnunargeta verði ekki til staðar í landinu.

Arkitektar horfa á fjöldaáttvinnuleysi í greininni, sem verður staðreynd næstu árin, þótt að mönnum tækist að fá hjól byggingariðnaðarins að einhverju leiti á skrið að nýju. Það er mikilvægt að geta boðið þessum arkitektum viðfangsefni hér á landi, svo við horfum ekki á fag- og þekkingarflóttu frá landinu. Sem betur fer er fjöldi verkefna hér á landi, sem lítið hefur verið sinnt síðustu ár, sem nú væri hægt að gera bragabót á.

Á sama hátt og rætt hefur verið um Íslands sem kanarífuglinn í alþjóða fjármálastarfsemi, má segja að arkitektar séu kanarífugl byggingariðnaðarins. Þeir eru fyrstir til að falla. Verkfræðistofur og Verktakageirinn munu fylgja í kjölfarið. Verkfræðingar njóta hinsvegar breiðari verkvettfangs og framkvæmdir sem þegar eru hafar, verða ekki stöðvaðar svo skjótt. Þannig að byggingariðnaðurinn þolir hugsanlega 6 mánuði af þessu ástandi, án þess að þekkingin glatist, en arkitektastofurnar tæpa 3 mánuði.

Því þarf aðgerðaáætlun sem miðar að því í fyrsta lagi að viðhalda arkitektastofunum sem faglegum þekkingafyrirtækjum og í öðru lagi að nýta þekkingu og menntun þeirra arkitekta sem nú missa störf í mannvirkjagerð í þágu framleiðslu- og þjónustugreina; við rannsóknir og framtíðarstefnumörkun. Þannig getum við viðhaldið þekkingunni og skapað virðisauka í framleiðslu og ferðaiðnaði og hugsanleg útflutningsverðmæti. Með rannsóknum og stefnumörkun er svo lagður grunnur að framtíðaruppbyggingu í samfélaginu.

Eftirfarandi er samantekt á þeim aðgerðum sem við teljum að séu lykilþættir í að tryggja ofangreind markmið og lúta að opinberum aðilum. Þær tvær fyrstnefndu snúa að fyrirtækjunum með það að markmiði að skjóta stöðum undir þau og tryggja viðhald þeirra. En sú þriðja miðar að því að útvíkka verksvið og virkja önnur sem hafa verið vannýtt á síðust árum til að skapa ný atvinnutækifæri.



1. Að tryggja fjármagn til sveitafélaga

Gríðarlega mikilvægt er að sveitafélögin hafi aðgengi að fjármagni til að halda áfram þeim framkvæmdum sem hafnar eru, eða eru á teiknborðinu. Ljóst er að einhver endurskoðun á framkvæmdum er óhjákvæmileg í ljósi aðstæðna, en núverandi staða er að allar framkvæmdir sem hægt er að stöðva hafa verið stöðvaðar.

Má gera ráð fyrir að í stöðvuðum verkum felist 50-70 störf arkitekta.

2. Að hið opinbera haldi sínum framkvæmdaáætlunum

- Mikilvægt er að hið opinbera stöðvi ekki framkvæmdir eða hönnun, þar sem hún er hafin.
- Að sett verði í hönnun verkefni sem er á áætlunum ríkissins. Þar eru verkefni eins og Landsspítalinn, þar sem áætluð eru 50 ársverk arkitekta, en önnur verk geta þar haft mikil áhrif s.s. nýtt fangelsi, Sundabraut o.s.frv.
- Að lögð sé áhersla á íslenska hönnun mannvirkja á vegum hins opinbera

Hér er ekki um að ræða atvinnubótavinnu á neinn hátt, heldur verkefni sem eru í hönnun eða í hönnunarfarvegi og hægt er að nýta til að tryggja viðhald stéttarinnar þegar einkageirinn er frosinn.

Í þessum verkum liggja amk. önnur 50-70 störf.

3. Nýsköpun – Öndvegissetur.

Arkitektafélag Íslands hefur haft frumkvæði að því að hafa samband við Nýsköpunarmiðstöð Íslands um samvinnu um *Öndvegissetur í byggðarskipulagi, byggingalist og byggingatækni*. NMÍ hefur tekið framtakinu fagnandi og hefur líst því yfir vilja til að gera slíkt setur að næsta stóra verkefni miðstöðvarinnar.

Undir slíku setri hafa aðilar greint eftirfarandi hornsteina í væntanlegri starfsemi:

- **Gæði í byggingaiðnaði;** Rannsóknir á byggingatækni og byggingagöllum. Verk og gæðalýsingabanki. Gæðamál hafa verið í forgrunni umræðunnar í byggingariðnaðinum síðustu misseri enda ljóst að gríðarlegir fjármunir liggja í byggingum og kostnaður vegna galla er mikill.
- **Byggðamál;** Vinna með sveitafélögum að innviðum byggða, þróunaráætlunum í ferðaiðnaði, skipulag og uppbygging á ferðamannastöðum og í þjóðgörðum. “Arkitektaráðunautur” í tengslum við Center of Excellence setur í Ferðamálum.
- **Menningarstefna;** fyrir liggur menningarstefna í mannvirkjagerð, stefna íslenskra stjórnvalda í byggingalist, samþykkt af ríkisstjórn Íslands í apríl 2007. Stafshópur á vegum menntamálaráðuneytis hefur verið að vinna að aðgerðaráætlun hvernig megi fylgja stefnunni eftir. Fjöldmörg verkefni felast í því að fylgja henni eftir.

Í slíkum verkum gætu legið önnur 50-70 störf.

Samtals gætu því þessar tillögur tryggt 150-210 arkitektum og öðrum sérhæfðum starfsmönnum arkitektastofa vinnu við verk sem þörf er á og við fræðilega uppbyggingu fyrir iðnaðinn.

Þá er ekki litið til afleiddra starfa og áhrifa vegna byggingaframkvæmda og uppbyggingar í kjölfar þessarar vinnu.

f.h. Arkitektafélags Íslands og Félags sjálfstætt starfandi arkitekta
Sigríður Magnúsdóttir, form. AÍ
Aðalsteinn Snorrason, form. FSSA
Halldór Eiríksson, stjórnarmaður FSSA

[Redacted text]

Atvinnuhorfur arktektastofa um mánaðarmótin október til nóvember 2008

Könnun gerð á vegum FSSA meðal aðildarfyrirtækja félagsins



1.	2.	3.	4.	5.		
starfsmenn Áramót 2007/2008	Starfsmenn sept 2008	Uppsagnir Mánaðrm sept/okt	Uppsagnir Mánaðrm okt/nóv	Áætluð starfsgildi feb.09	Prósentul minkunn frá áram	Prósentul minkunn frá okt 08
312,5	290,5	11	116	160,5	48,6%	44,8%
Áætlaður fjöldi annarra fyrirtækja FSSA miðað við sama hlutfall og tölur frá 2007						
69,5	65	2	26	36	48,6%	44,8%
Aðrir sem sinna arkitektastarfsemi. Áætlað út frá veltutölum skv. uppl skattstjóra						
382	355	13	142	196	48,6%	44,8%
Samtals áætlaður fjöldi						
764	710	27	284	392	48,6%	44,8%

Meðaltal 21 aðildarfyrirtækja FSSA. Áætlað yfir 80% hlutfall
Með 312,5 starfsmenn af 382 sem skráðir voru í fyrra

310 Fjöldi þeirra sem áætlað er að missi vinnuna um þessar mundir í greininni

Gert 27.okt 2008
Út frá könnun FSSA og uppl
frá Ríkisskattstjóra AS.


NORDISKT PRAKTIKERMÖTE 2008

STATISTIKK :

Island



1. Antall uteksaminerte sivilarkitekter (akademiske høyskoler)	10
2. Sivilarkitekter totalt (FAÍ)	288
Antal arkitekter i AI - bosatt på Island	263
3. Antal arkitekter per 100.000 innbyggere	93,6
4. Antal sysselsatte i medlemsbedriftene	342
Fordeling av ansatte:	
- arkitekter	227
- teknisk personale, konstruktører, int.ark., studenter	98
- økonomisk og administrativt personell	17
5. Antall medlemsbedrifter totalt	34
6. Arbeidsledige arkitekter	1,0%
7. Inflation	6,8%
December til December	
8. Lønnsøkning for arkitekter	5,0%
Den prosentuelle, verkliga løneøkningen totalt per helår for privatanställda arkitekter	



9. Bygginvesteringer totalt (2006 års priser)	ISK	122,20
Bygginvesteringer i miljarder for 2002 - 2006 samt prognos for 2007	Euro	1,45
10. Antal igangsatte boligenheter		3.938

2007 Progress

6	-40,0%
304	5,6%
280	6,5%
97,0	3,6%
382	11,7%
235	3,5%
130	32,7%
17	0,0%
33	-2,9%
0,7%	-36,8%
5,0%	
5,0%	

2007 Progress

122,30 N/A
1,00 N/A

4.886 N/A

Atvinnuhorfur arkitekta í lok október 2008.

Allt frá morgni 29. september hafa atvinnuhorfur stéttarinnar versnað. Um miðjan mánuðinn var staðan orðin það slæm að FSSA boðaði til fundar meðal félagsmanna sinna. Kom þá fram að flest fyrirtæki innan félagsins máttu þola það að þorra verkefna þeirra hafði verið frestað, hætt við eða stöðvuð á einhvern hátt. Var mál mann á þeim fundi að samdráttur í verkefnum gæti verið um 75%. Þi kjölfar þessa var ákveðið að FSSA stæði fyrir könnun meðal aðildarfyrirtækja sinna um uppsagnir um síðustu mánaðarmót og komandi mánaðarmóta. Nú hefur FSSA borist svör frá fyrirtækjum sem hafa um 80% starfsmanna innan sinna veggja sem tilheyra FSSA. Kemur þar í ljós að fækkun frá síðustu áramótum er um 50% og uppsagnir nú um 45% starfsmanna sem missa þá vinnuna 1. Janúar og 1. Febrúar 2009.

Miðað við félagatal FSSA og AÍ er arkitektageirinn um 450 manns. Sé miðað við veltutölur frá ríkisskattstjóra er hér um mun meiri fjölda að ræða. Áætlaður starfsmannfjöldi út frá veltutölum er fenginn á þann hátt að miðað er við að velta sé 1 milljón krónur á mánuði á hvern starfsmann. Þessi tala getur verið í hærra lagi og er það viljandi gert til að ekki sé verið að ýkja tölur starfsmann í greininni.

Ástæða fyrir þessum mun er sjálfsagt sú að ekki eru allir arkitektar meðlimir í félögum, einnig telur geirinn byggingafræðinga og innanhúsarkitekta sem lúta sömu lögmálum og eru á sama markaði. Samkvæmt þessu má reikna með að fjöldinn láti nærri því að vera að minnsta kosti tvisvar sinnum það sem telja má innan FSSA.

Upplýsingar frá Ríkisskattstjóra og neðar umreiknað í starfsmannfjölda út frá ofangreindum forsendum.



Ár	2006	2007	2008 janúar-júní
Skattskyld velta 14%	1.457.583	8.071	0
Skattskyld velta 7%	0	28.569.795	888.308
Skattskyld velta 24,5%	7.639.924.474	8.645.141.380	4.152.554.024
Skattsk. velta	7.641.382.057	8.673.719.246	4.153.442.332
Undanþegin velta	168.846.786	372.564.119	278.911.778
Heildar velta	7.810.228.843	9.046.283.365	4.432.354.110

Ríkisskattstjóri - Skattasvið
Verkefnastjóri - Virðisaukaskattsdeild

Internal Revenue - VAT Department

Sími: 563 1162

Tel: +354 563 1162

Fax: 563 1292

Fax: +354 563 1292

Netfang: Saemundur.gudmundsson@rsk.is E-mail: Saemundur.gudmundsson@rsk.is

Veffang: www.rsk.is

Web: www.rsk.is

Skoðun á fjölda starfsmanna í greininni.

Byggt á veltutölum frá ríkisskattstjóra.

2008	4.143.442.332	6 mán.
	690.573.722	
	Velta á mán. pr./mann 1 milljón	
	691	starfsmenn
2007	8.673.719.246	12 mán.
	722.809.937	
	Velta á mán. pr./mann 950.þúsund	
	761	starfsmenn
	382 starfsmenn í FSSA 2007	

Gert 28.okt. 2008 Aðalsteinn Snorrason formaður FSSA.